

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjanes 28. nóvember 2007 í máli nr. S-238/2007:

Ákærvaldið

(*Sævar Lýðsson fulltrúi*)

gegn

# Jónasi Jónassyni

(*Ólafur Örn Svansson hdl.*)

Mál þetta sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 17. október s.l. er höfað með ákæru útgefinni 26. febrúar s.l. á hendur Jónasi Jónassyni, kt. 000000-0000, Barmahlíð 13, Reykjavík "fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa að morgni sunnudagsins 5. febrúar 2006 ekið bifreiðinni LL338 á allt að 125 km hraða á klukkustund á Reykjanesbraut, á vegarkafla í Hvassahrauni, þar sem leyfður hámarkshraði var 90 km á klukkustund, en lögreglan stöðvaði akstur hans skömmu síðar.

Telst brot ákærða varða við 2. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, sbr. 3. gr. laga nr. 57,1997.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar."

Af hálfu ákærða er haldið uppi vörnum og krafist sýknu af kröfum ákærvaldsins, en til vara er þess krafist að ákærða verði einungis gerð vægasta refsing sem lög frekast leyfa. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til skipaðs verjanda hans Ólafs Arnar Svanssonar hdl.

### I. Málavextir.

Sunnudaginn 5. febrúar 2006 kl. 09:36 voru lögreglumennirnir Daði Þorkelsson og Gestur Kolbeinn Pálmason úr lögreglunni á Keflavíkurflugvelli við umferðareftirlit á Reykjanesbraut við Hvassahraun er þeir veittu athygli bifreiðinni LL-338 og var hraði bifreiðarinnar mældur með ratsjá lögreglubifreiðarinnar, sem var kyrrstæð. Hraðinn mældist 129 km m/v klst. en ekki náðist að læsa þá tölu, þar sem hægt var

snögglega á bifreiðinni og hún fór úr hraðanum 129 km m/klst og niður í 20 km m/v klst., en hraðinn var svo aukinn í 52 km. m/v klst. Akstur bifreiðarinnar var í framhaldi af þessu stöðvaður og haft tal af öikumanni hennar, ákærða í málinu, sem kvaðst hafa ekið á um 100 km m/v klst. Farþegi í bifreiðinni var Gilbert Sigurðsson og taldi hann og að bifreiðinni hafi verið ekið á 100 km hraða m/v klst.

Ákærður hefur við skýrslutöku hjá lögreglu og hér fyrir dómi, haldið fast við að hann hafi verið á rétt um 100 km hraða m/v klst. er hraði bifreiðar hans var mældur, en hann hafi ekið henni vestur Reykjanesbraut í átt að Keflavík. Hann kvaðst nokkru áður hafa dólað á 80 km hraða m/v klst. og hann þá verið í viðræðum við farþegann Gilbert Grétar, sem fundið hafi að því, hvað hann æki hægt. Hann hafði svo verið að auka hraðann er hann kom á tvöföldu brautina, en hann hafi þá orðið var við lögreglubifreiðina sem hafi verið í um 200 metra fjarlægð og verið kyrrstæð á umferðareyju milli akreina og snúið með framendann að bifreið ákærða. Ákærður kvaðst þá hafa hægt á ferð bifreiðar sinnar og verið á um 80-90 km hraða m/v klst. er hann hafi komið að lögreglubifreiðinni og ekið fram hjá henni. Hann kvað lögreglubifreiðina hafa komið skömmu seinna á eftir bifreið hans og hann talið að tilefni afskiptanna væri að ljósabúnaður á bifreið hans væri í ólagi. Hann hafði þá farið yfir í bifreiðina til viðræðna við lögreglumennina sem hafi hafið viðræðurnar með því að segja við hann, að hann væri með góðan radarvara, en hann hafi ekki verið með radarvara í bifreið sinni á þessum tíma. Þá hafi lögreglumaður sagt við hann, að hann hafi farið úr 129 km hraða í 20 km hraða m/v klst. Ákærður hafi beðið um að fá að sjá mældan hraða, en því verið svarað til, að ekki hafi nást að læsa mældan hraða inn á ratsjá lögreglubifreiðarinnar. Hann dró hraðamælinguna í efa og taldi það ekki trúverðugt að hraði bifreiðar hans hafi farið úr 129 km hraða m/v klst. í 20 km m/v klst. og hann svo aukið ferðina í 52 km hraða á klst. á aðeins 200 metrum.

Ákærður kvað á þessum tíma hafa verið þoku og blautt og skyggni verið lélegt og hann ekki séð ljósín í Reykjanesbæ. Hann kvaðst ekki hafa nauðhemlað heldur rétt tillt á bremsunum. Hann kvað umferðina á móti hafa verið meiri. Það hafi verið bifreið á undan bifreið hans, sem ók frekar hægt, en hann kvaðst ekki hafa tekið fram úr neinni bifreið né hafi neinni bifreið verið ekið fram úr bifreið hans. Hann kvað bifreið hans hafa verið á minni felgum en hún er gefin upp fyrir og því gæti verið að hraðamælir bifreiðarinnar hafi ekki sýnt raunhraða hennar.

Vitnið Gilbert Grétar Sigurðsson, kt. 000000-0000, Grundargötu 76, Grundarfirði var farþegi í bifreið ákærða í greint sinn og kvaðst hann hafa séð lögreglubifreið á vinstri væng akbrautinnar í um 300 metra fjarlægð, er bifreið ákærða var að koma upp úr Kúagerði á leið suður og hafi hraði bifreiðarinnar þá verið um 100 km m/v klst. Það kvað skyggnið hafa verið slæmt og umferð hæg. Þá hafi verið úði eða rigning sem gæti hafa haft áhrif á mælinguna. Það kvað bifreiðum hafa verið ekið í sömu átt og bifreið ákærða, en gat ekki fullyrt að bifreið hafi verið ekið fram úr bifreið ákærða um svipað leyti. Það kvað útilokað að bifreið ákærða hafi verið á 129 km hraða m/v klst. og hafi svo farið niður í 20 km hraða og svo upp í 52 km hraða m/v klst. Það kvaðst ekki muna eftir þessum hraðabreytingum og kvað þær ekki geta staðist.

Lögreglumennirnir sem stóðu að hraðamælingunni hafa báðir borið um hana hér fyrir dómi og ber í meginatriðum saman um framgang hennar. Lögreglubifreiðin hafði verið kyrrstæð á útskoti milli akbrauta vestan Kúagerðis. Daði Þorkelsson hafði verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar en Gestur Pálmason stjórnaði ratsjóni. Lögreglubifreiðin hafði snúið með framenda bifreiðarinnar til austurs. Vitnin höfðu séð bifreið ákærða er hún kom úr beygjunni að Kúagerði og virtist hún þá á miklum hraða og var í um 1 km fjarlægð frá lögreglubifreiðinni en hún hafði svo horfið þeim sjónum er henni var ekið að slakka þarna hjá en hraði hennar hafði svo verið mældur er hún hafði komið út slakkanum eða brekkunni og hún þá verið í 200 metra fjarlægð er hraði hennar væri mældur. Vitnið Gestur kvaðst hafa kveikt á ratsjóni er bifreiðin kom úr slakkanum. Það hafði ekki náð að læsa þann hraða í ratsjóni, þar sem hraði bifreiðarinnar hafði lækkað snarlega. Vitnin höfðu samt bæði séð að ratsjón sýndi 129 km hraða m/v klst. og fylgst með hraðanum í smástund stund er áður en hann fór niður og svo upp aftur. Vitnið Daði kvað skýringuna á því, að mældur hraði var ekki læstur í ratsjóni að Gestur hafði ekki verið tilbúinn að þrýsta á takkann. Vitnunum ber saman um að ratsjónin hafði verið prófuð fyrir og eftir mælingu og virkað eðlilega.

## II. Niðurstöður.

Í málinu liggur fyrir að ratsjónin í lögreglubifreiðinni var prófuð fyrir og eftir mælinguna og reyndist í lagi. Þó að ekki hafi tekist að læsa mældan hraða í ratsjónina og sýna ákærða, er hann var stöðvaður í akstri bifreiðarinnar, er vitnisburður beggja lögreglumannanna um það að þeir hafi séð í smástund á skjá ratsjónarinnar að mældur hraði bifreiðarinnar var 129 km m/v klst., en snarlækkað svo í 20 km. m/v klst.

Með hliðsjón af 6. og 7. gr. verklagsreglna Ríkislögreglustjórans um hraðamælingar með ratsjón verður að telja mælinguna fullgilda og er ekkert komið fram er rýri gildi hennar. Vætti lögreglumannanna í málinu er um að þeir hafi fylgst með akstri bifreiðarinnar áður en mæling fór fram og henni verið ekið mjög hratt. Ákærður hefur viðurkennt að hafa verið að auka hraðann eftir að hann kom á tvöfalda hluta brautarinnar eftir að hafa orðið að halda niðri hraðanum vegna bifreiðar, sem ekið var á undan bifreið hans. Þá er og komið fram, að bifreið hans var ekki með upprunanlegum felgum, heldur minni felgum sem geta haft áhrif um það, að hraðamælirinn í bifreið hans hafi ekki sýnt raunhraða. Hins vegar er það mat réttarins að ákærður hefði engu að síður átt að hafa áttað sig á því, að hann var kominn á óeðlilega mikinn hraða.

Á grundvelli hraðamælingarinnar sem ekki hefur verið hnekkð og vætti lögreglumannanna er nægilega sannað að ákærður ók smástund á 129 km hraða m/v klst. svo sem hann er sakaður um og hefur hann með því gerst brotlegur við 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga. Það er á ábyrgð ákærða að tryggja að hraðamælir bifreiðar hans sé réttur eftir breytingar sem gerðar hafa verið á bifreið hans, en við ákvörðun refsiakvörðunar í málinu þykir þó rétt að taka tillit til þess, að hann kunnist að hafa verið grandalaus í þessu efni.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 100. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin 15.000 króna sekt og komi 2ja daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða skipuðum verjanda sínum Ólafi Erni Svanssyni hdl. málsvarnarlaun sem ákveðanst 120.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, en annan kostnað leiddi ekki af sökinni.

Dráttur á dómsuppsögu er vegna anna dómarans.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Sævar Lýðsson fulltrúi sýslumannsins á Suðurnesjum.

Dóm þennan kveður upp Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari.

## DÓMSORÐ

Ákærður, Jónas Jónasson, greiði 15.000 krónur í sekt og komi 2ja daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 4ra vikna.

Ákærður greiði skipuðum verjanda sínum Ólafi Erni Svanssyni hdl. 120.000 krónur í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.

Guðmundur L. Jóhannesson